

Nd.

140. Frumvarp

til laga um sölu á prestsmötu.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogu, Pjetur Ottesen, Gísli Sveinsson, Stefán Stefánsson, Einar Árnason, Benedikt Sveinsson, Hákon J. Kristófersson, Björn R. Stefánsson, Pjetur Þórðarson, Einar Jónsson og Jón Jónsson.

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar.

Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Þó skal ekki tekið tillit til smjörverðs þau ár, er ófriðurinn stóð, sá er hófst 1914.

Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því að kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti $\frac{1}{10}$ hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabryf, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan

á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi prestí vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Höfuðástæðan til þess að frumvarp þetta er komið fram er sú, að nú, síðan ófriðurinn reis, hefir smjör stigið svo í verði, að það er næstum sexfalt við það verð, er var fyrir ófriðinn á algengu smjöri. Þá var verðið tíðast kringum 60 aura pundið. Nú er verðið alt að 350 aur. pundið. Orsökkin er alkunn. Siglingateppa og feitmetisekla í heiminum, og hjerlendis stórum minni framleiðsla á smjöri, sem stafar af mikilli ónýtingu á töðum nú tvö undanfarin ár í miklum hluta landsins.

Það er því auðsætt, að þeir, er inna eiga af hendi smjörleignagjöld, verða mjög hart úti, enda þótt þeir megi greiða þau í peningum eftir smjörverði verðlagsskrár.

Fyrir ófriðinn var verð á smjörpundi og ullarpundi svípað. Nú í ár þyrfti andvirði 1½ pd. ullar til að leysa smjörpundið. Þá þyrfti rúmlega 2 pd. kjöts til að mæta smjörpundinu; nú þarf meira en 4 pd. til þess. Út í þetta þarf ekki lengra að fara; það er auðsætt, að þeim, er greiða eiga smjörleigur, verður það alt að helmingi dýrara en tíðast hefir verið.

Hjer að auki kemur enn fleira til greina um prestsmötur, sem gerir tilfinnanlegra að gjalda þær í smjöri en áður var, og oft ómögulegt, t. a. m. er töður nýtast illa, því að næstum engir geta fært frá ám, þótt vildu, vegna fólks-eklu. Alt fólk, er þarf til að vinna að framleiðslu landbúnaðarins, er þrefalt dýrara en var fyrir rúmum áratug, en framleiðslan hefir alls ekki stigið í verði að sama skapi, nema smjörið eitt sem stendur, — en hjá flestum landsmönnum er það litill hluti kaupeyris, þótt í ári láti. — Hafa margir bændur af þeim sökum orðið að ganga frá jörðum sínum og flytja í kaupstaðina. En það, að sveitabúnaðurinn, þrátt fyrir tjeða erfðleika, hefir ekki eyðilagst, er eingöngu að þakka þeim framförum í búnaði, sem orðið hafa á síðari árum, sem og því, að bændur hafa orðið að leggja að sjer meiri vinnu en oft áður, og eru þeir því margir útlitnir fyrir örlög fram.

Hefði nú alt verið látið haldast með gamla laginu, túnin verið þýfð heim undir bæi, rjomabúin ekki verið stofnuð nje sláturfjelögin, þá er hætt við, að sumar bændakirkjujarðirnar væru fallnar í eyði og prestsmötukúgildin »fallin sínum herra«. Því virðist fylsta ástæða til að losa kirkjubændur og aðra þá, er prestsmötur greiða, undan þessari kvöð með sem aðgengilegustum kjörum. Enn fremur má minna á það, er í móti skyldi koma prestsmötunum: Tiltekin prestsþjónusta. Hún er nú, vegna aðgerða hins opinbera, orðin víðast ærnum mun

minni en til var ætlast, er prestsmötur komust i núverandi horf eftir siðaskiftin; skal að eins bent á samsteypur brauða og þá erfiðleika, er því eru samfara fyrir söfnuði.

Skal svo horfið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Við 1. gr.

Ástæða er til, að skylt sje að láta falar prestsmötur, þeim er frv. til tekur, því að dæmi munu til, að þær hafi ekki fengist keyptar, og þarf því laga-fyrirmæli, er komi í veg fyrir, að salan sje háð geðþótta landsstjórnar í það og það skifti.

Við 2. gr.

Ekki nema tímatöf og fyrirhöfn að láta kaupbeiðni fara krókaleið, áður en hún kemst til landsstjórnarinnar. Það þykir ef til vill djarft, að í stað 4%, sem tíðkast hefir, skuli 5% vaxtahæð lögð til grundvallar, er verðhæð prestsmötu er ákveðin. En þegar á það er litið, að 5—6% eru jafnægengir útlánsvextir nú sem 4% voru þegar sú regla, er fylgt hefir verið við mat á prestsmötum, var tekin upp, svo að auðvelt hlýtur að vera að ávaxta peninga fyrir a. m. k. 5% í fyrir-sjáanlegri framtíð — landið tekur stórlán erlendis fyrir 5¹/₂% og meira — þá er sýnilegt, að klerkdómurinn þarf einskis í að missa í þessu falli af því, er hann hefir sanngirniskröfu til. Þá er og ekki síður ástæða til að sleppa úr smjörverði ófriðaráranna, er verð prestsmötu er ákveðið, vegna þess að hið háa verð á smjöri, siðastliðin tvö ár einkum, kemur mjög fáum að verulegu gagni, sökum illrar nýtingar á töðum, eins og áður var á vikið; enda væri fráleitt, er ákveða skal fast og varanlegt skipulag, að miða við óvanalegt og hverfult gapaverð. Því að vitanlegt er, að þá er friður kemst á og viðskifti gerast eðlileg, feitmeti fer að flytjast til landsins o. s. frv., þá fellur smjör niður í svipað verð og var fyrir ófriðinn. Klerkdómurinn nýtur samt sem áður verðhækkunar þeirrar á smjöri, er rjómabúin hafa komið til leiðar, án þess að hann, sem slíkur, hafi kostað þar nokkru til; virðist því síður ástæða til, að hann taki frekar »hlut á þurru landi« á kostnað þeirra, er prestsmötur er ætlað að greiða. Prestsmötu-kvöðin stendur heldur engan veginn í sanngjörnu hlutfalli við þann höfuðstól, kúgildin, er hún á að gjaldast af, og liggur því á vinnumagni og öðrum eignum gjaldanda, og heldur niðri verði þeirra eins og nú er komið.

Við 3. gr.

Sjálfsgagt virðist að gefa kaupendum greiðslufrest, en sennilega nægir 10 ára frestur, því að á þeim tíma mundi flestum kleift að innleysa prestsmötuna, en ekki er nema sanngjarnt, að þeir verði að greiða sömu vexti af eftirstöðvum, sem leggja skal til grundvallar við prestsmötu og landssjóði er ætlað að greiða samkvæmt 4. gr.

Við 4. gr.

Hjer er lagt til, að andvirði prestsmötu greiðist í sjóð landsins, vegna þess, að þá er fyrirhöfnin engin að ávaxta það; og þar sem landssjóður verður

að taka erlend lán með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum og lakari kjörum, er sýnn hagur fyrir hann að fá innlent fjá fyrir 5% og affallalaust, er ekki þarf út að borga fremur en vill. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Við 5. gr.

Við þessa grein er ekkert að segja nema það, að best er að lögin komi sem fyrst að notum.